

EFTIRLITSSKÝRSLA

Málning hf. Kópavogur



Dags eftirlits	11.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Málning hf.	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Dalvegi 18	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4502694849	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Húni Sighvatsson	ÍSAT nr.	20.30.0
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Ísak Þórhallsson	Staðsetning	360217,744 403405,653

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sett var eitt frávik frá lögum, reglum og kröfum í starfsleyfi og tvær ábendingar um það sem betur má fara í starfseminni.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Málningu hf. að Dalvegi í Kópavogi þann 11. október 2023. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Umhverfisstofnun þann 20. júní 2016 sem gildir til 20. júní 2032.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg
- Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits
- Gjaldskrá
- Frárennsli
- Olíuskilja
- Grænt bókhald
- Starfsemi sem notast við lífræna leysa (38. gr. reglugerð 550/2018)
- Áhættumat
- Kvartanir
- Annað
- Vettvangsferð

Niðurstöður síðasta eftirlits

Rekstraraðila er heimilt að framleiða ákveðið magn samkvæmt starfsleyfi. Rekstraraðili gat ekki sýnt fram á framleitt magn. Skv. úrbótaáætlun verða framleiðslutölur framvegis hluti af grænu bókhaldi. Upplýsingarnar voru í græna bókhaldinu fyrir árið 2022. Fráviki er því lokið.

Skv. starfsleyfi skal skrá sérstaklega í rekstrarhandbók alla vinnu við olíuskiljur og varnarþrær, þar með talið hvenær opnað, lokað, viðhald búnaðar og þess háttar. Einnig skal fylgjast með uppsöfnun í olíuskiljur. Ekkert af þessu er skráð. Skv. úrbótaáætlun verður komið á ferli með losunaraðila er varðar losun og viðhald á skiljum og þróum. Öll skráning verður gerð í rafræna handbók sem verður aðgengileg við næstu úttekt. Áætluð verklok eru 31. des 2022. Í eftirlitinu 2023 kom fram að skráningar eru færðar í rekstrarhandbók. Fráviki er því lokið.

Engar skráningar eru til yfir þá rekstrarþætti sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið sbr. gr. 4.1. Skv. úrbótaáætlun verða skráningar gerðar á mengunaróhöppum eða einhverskonar losun út í umhverfið. Skráningarnar verða aðgengilegar í rafrænni handbók. Áætluð verklok eru 31. des 2022. Í eftirlitinu 2023 kom fram að skráningarblað er tiltækt í framleiðslurýmum þar sem óhöpp eru skráð. Fráviki er því lokið

Uppfæra skal áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda á a.m.k fjögurra ára fresti. Áhættumat og viðbragðsáætlun hafa verið uppfærð og verða hluti af gæðahandbók rekstraraðila. Áhættumat hefur verið gert en þörf er á að gera ýtarlegri greiningu.

Gagnagrunnur um mengaðan jarðveg

Upplýsingar um gagnagrunn um mengaðan jarðveg voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið. Farið var yfir markmið verkefnisins um gagnagrunn um mengaðan jarðveg og það hvort Málning hf. eigi að fara inn í gagnagrunninn. Með tilliti til þess að starfsemin hefur ekki verið lengi á núverandi stað og mengunarvarnir eru til staðar var ekki talin ástæða til þess að skrá starfsemina á núverandi staðsetningu. Hins vegar kom fram í eftirlitinu að full ástæða sé til þess að skrá fyrrum staðsetningar starfseminnar sem voru á Kársnesi og Funahöfða. Rekstraraðila er bent á að skoða hvaða gögn eru til um starfsemina á þeim stöðum og senda til Umhverfisstofnunar til skráningar í

gagnagrunninn.

Breytt fyrirkomulag á boðun eftirlits

Upplýsingar um breytt fyrirkomulag við boðun eftirlits voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið ásamt því að vera ræddar í eftirlitinu.

Gjaldskrá

Upplýsingar um nýja gjaldskrá voru sendar til rekstraraðila fyrir eftirlitið og ræddar í eftirlitinu.

Frárennsli

Setþrær eru tæmdar tvisvar á ári, tæmingarnar eru skráðar í rekstrarhandbók. Engin lyktaþær efni hafa hingað til farið í þrærnar.

Við hreinsun á framleiðslulínunni er skolvatninu fyrst dælt í gegnum bamba áður en skolvatnið fer út í setþrærnar. Bambarnir eru látnir standa til að ná sem bestri fellingu. Stíflubjónustan dælir vatninu frá og setur vatnsfasann í setþróna. Þurrefnið fer í Álfsnes í förgun.

Olíuskilja

Olíuskiljan er tæmd tvisvar á ári og eru tæmingarnar færðar í rekstrarhandbókina.

Grænt bókhald

Grænu bókhaldi fyrir árið 2022 var skilað 25. maí 2023 sem er frávik frá reglugerð nr. 851/2002 um skil á grænu bókhaldi.

Starfsemi sem notast við lífræna leysa

Í græna bókhaldinu fyrir árið 2022 er sett fram að uppgufun lífrænna leysa sé 2%. Í eftirlitinu var ekki hægt að útskýra hvernig sú tala var fengin eða hvort hún samræmist kröfum um losun lífrænna leysa í reglugerð 550/2018. Rekstraraðila er bent á að skoða hvaða ráðstafanir þarf að gera til að uppfylla gr. 38 og reikna út hver raunveruleg rýmun lífrænna leysa í framleiðslunni sé.

Áhættumat

Farið var yfir áhættumatið og það útskýrt í eftirlitinu.

Kvartanir

Engar kvartanir hafa borist frá síðasta eftirliti, hvorki til Umhverfisstofnunar né rekstraraðila.

Annað

Í eftirlitinu kom fram að upplýsingar skv. gr. 4.1 (rekstrarhandbók) er ekki allt skráð. Rekstraraðila er bent á að fara yfir og sameina allar skráningar á einn stað og athuga hvort ekki allt sé skráð jafnóðum.

Vettvangsferð

Í vettvangsferðinni var skoðað ofan í olíuskiljuna og fellitankana.

Frávik frá

Lýsing á frávikum

Gr. 11 í reglugerð nr. 851/2002 um skil á grænu bókhaldi

Grænt bókhald fyrir árið 2022 barst ekki fyrir 1. maí 2023. Grænt bókhald barst Umhverfisstofnun 25. maí 2023.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að skoða hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til að uppfylla gr. 38 í reglugerð 550/2018 jafnframt að reikna út hver raunveruleg rýrnun lífrænna leysa er í framleiðslunni.

Rekstraraðila er bent á að yfirfara þær skráningar sem ber að skrá skv. starfsleyfinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.11.2023



Kristín Kröyer

